

Fundur 23.10.2023 Þorsteinn Guðjónsson.

Þorsteinn Guðjónsson, kemur hér eitt samband í viðbót áður en við kveðjum, vil ég fyrst beina orðum mínum að þér frændi og nafni.

Þau eru öll að hressast og vonum við að móðir þín komist í sambandið fljótlega,

*Takk fyrir það.*

Og hann er nú orðinn mjög öflugur og hún er öll að koma til,

*Gott að fréttu af því, takk fyrir.*

Fagna þau mjög að vera laus við elli hrumleika en hafa áhyggjur af bróður þínum og vilja reyna að senda orku og lækningarmátt og það vonandi gengur allt vel.

*Já við skulum vona það, að það fari allt saman vel, takk fyrir það Þorsteinn.*

Er það einnig hann afi þinn nafni sem vill koma í sambandið, langt síðan hann hefur talað til ykkar, Þorsteinn frá Úlfstöðum.

*Já þú mátt skila góðri kveðju frá mér til hans.*

Já.

*Og til hennar ömmu minnar líka, hennar Áslaugar líka, takk fyrir.*

Já, þakka fyrir allt gamalt og gott.

Já.

Reynum við nú að koma á sambandi áður en fundi er slitið.

Verið þið sæl.

*Vertu sæll og blessaður.*